



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 13.04.2023

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menningarmálanefnd

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001

Bandalag íslenskra listamanna eru heildarsamtök fagfélaga listamanna í landinu. Listamenn í fjölmörgum greinum eiga mikið undir í því fjölbreytta starfsumhverfi sem kvikmyndagreinin er. BÍL hefur því fagnað þeirri viðamiklu og góðu vinnu sem birtist í kvikmyndastefnunni sem unnin var í menningarmálaráðuneytinu 2020. Óhætt er að segja að andi þeirrar stefnu sé að íslensk kvikmyndagerð sé hvort tveggja í senn listgrein, með öflugra sjálfstæða rödd, en líka vaxandi atvinnugrein sem taki þátt í ört vaxandi umhverfi sjónvarps og kvikmyndagerðar á alþjóðavísu. Þetta eru háleit og góð markmið sem styrkja hvort annað og fara að mati BÍL ágætlega saman.

Helsta breytingin í þessum lögum er að þau bjóða upp á opnun á sjálfstæðum sjóði sjónvarpsþátta hjá Kvikmyndamiðstöð og telur BÍL það vera mjög í anda þeirrar þróunar sem á sér stað í alþjóðlegu umhverfi kvikmyndagerðar.

BÍL hefur um margra ára skeið bent á þá óásættanlegu staðreynd að í starfsumhverfi kvikmyndagerðar eru listamenn með öllu samningslausir og fagfélögum þeirra hefur reynst ómögulegt að fá framleiðendur að samningaborðinu til að semja um kaup og réttindi síns fagfólks. Eitt er, að á almennum vinnumarkaði þykir það sjálfsagt að til séu samningar við fagfélög um vinnuframlag fagfólks, hvað þá þegar stór hluti fjármögnunar verkefna er opinbert fé, fjármagn úr sjóðum almennings! Það á að gera enn ríkari kröfu um samninga, bæði um laun og réttindi listamanna.

Í kvikmyndastefnunni sem er til grundvallar þessum lagabreytingum er talað um:

“hugvitsdrifna atvinnugrein sem fellur vel að áherslum stjórnvalda um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar á Íslandi.” og að “Kvikmyndastefna kalli eftir því að hlúð verði enn betur að mikilvægum þáttum sem styðja við uppbyggingu á sterku, sveigjanlegu og fjölskylduvænu starfsumhverfi og samkeppnishæfri kvikmyndagerð sem hefur sjálfbærni að leiðarjosi”

Þessum markmiðum verður ekki náð fram nema í sátt við fagfélög listamanna.

BÍL leggur því til að sett verði í reglugerð hjá Kvikmyndamiðstöð að úthlutun styrkja til kvikmyndagerðar sé bundið skilyrðum um að samningar við fagfélög listamanna séu til staðar og þeir virtir án undanbragða.

Það eru ekki nema orðin tóm að hér sé verið að byggja upp fjölskylduvænt starfsumhverfi samkeppnishæfrar kvikmyndagerðar, sem hafi sjálfbærni að leiðarljósi, ef ekki eru virtar almennar viðurkenndar leikregur á vinnumarkaði.

Virðingarfyllt
Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna